

Kópavogsbær
Birgir Sigurðsson,
sviðsstjóri
Fannborg 2
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. september 2008
Tilvísun: UST20080700136/ksj

Vatnsendahlíð - Þing. Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2000 - 2012. Deiliskipulag.

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfissviðs Kópavogsbæjar er barst Umhverfisstofnun þann 23. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2000-2012 og deiliskipulagi Vatnsendahlíð-Þing.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við breytingartillögu aðalskipulags 2000-2012 og deiliskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslum.

Fjarsvæði vatnsbóla

Í umhverfisskýrslu er fylgir tillögu að breyttu aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 kemur fram að samkvæmt nýlegum breytingum á Svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu teljist Vatnsendahlíð vera á fjarsvæði vatnsbóla. Síðan segir: „*Gert er ráð fyrir að farið verði í einu og öllu að kröfum sem gerðar eru til byggðar og framkvæmda á fjarsvæði vatnsbóla.*“ Umhverfisstofnun telur að hér þurfi að fjalla um með ítarlegri hætti hvernig kröfum, sem gerðar eru til byggðar og framkvæmda á fjarsvæði vatnsbóla verði mætt. Sjá reglugerð no. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Á þetta jafnt við tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillögunu..

Mengun


Í umhverfisskýrslu er fylgir tillögu að breytingu aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 er fjallað um hljóðvist og þar kemur fram að stefna Kópavogsbæjar sé að loft- og hávaðamengun frá samgöngutækjum og athafnastarfsemi verði innan viðmiðunarmarka. Fram kemur einnig að hljóðstigsútreikningar sýni að hljóðstig vegna hávaða frá umferð eftir uppbyggingu Vatnsendahlíðarhverfis verði við húsvegg íbúðarhúsa næst Leiðarenda og Þingmannaleiðar fyrir ofan mörk þ.e. hljóðstig kemur til með að verða um og yfir 60 dB þegar hljóðstig samkvæmt reglugerð um hávaða 724/2008 ætti ekki að fara yfir 55 db. Í ofangreindri umhverfisskýrslu kemur fram að mótvægisáðgerðir vegna of mikils hávaða verði þær að setja skermvegg eða jarðvegsmön meðfram Þingmannaleið. Í umhverfisskýrslu er fylgir tillögu að deiliskipulagi svæðisins er nokkuð nákvæmari umfjöllun um


mótvægisáðgerðir vegna umferðarhávaða. Umhverfisstofnun telur að í umhverfisskýrslu fyrir deiliskipulag þurfi að koma nokkuð endanlegar tillögur um mótvægisáðgerðir í stað þess að fjalla um hvað komi til greina sem mótvægisáðgerðir. Ef ætlunin er að gera kröfur um lægri umferðarhraða ætti það að koma fram sem tillaga í umhverfisskýrslu.

Vöktun

Í báðum umhverfisskýrslum kemur fram að vöktun vegna hljóðvistar og loftmengunar verði felld inn í núverandi vöktun þessara umhverfisþátta í Kópavogi. Umhverfisstofnun telur að fram þurfi að koma nákvæmari lýsing á því hvernig verði staðið að vöktun á loftmengun og hljóðvist á því svæði er tillaga að breyttu aðalskipulagi Kópavogs nær yfir, þ.e. á svipaðan hátt og fjallað er um vöktun á gæðum neysluvatns og vatnsverndar ásamt vöktun Elliðavatns.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

afrit: Skipulagsstofnun